

**Fundargerð háskólaráðs**  
**314. fundur föstudaginn 30. mars 2012**  
**stofu 262 á Borgum**

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúi háskólasamfélagsins  
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs  
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir varafulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Ingveldur Tryggvadóttir ritari

Gestir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður  
Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð 313. fundar, mál til kynningar**  
**1201006**

Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

Rektor sagði frá að 16 umsóknir hafa borist um hvata- og þróunarstyrki sem veittir eru af verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna. Veittir verða átta styrkir, samtals tæpar 16 milljónir í vor og eftir eru 25 milljónir í sjóðnum sem verða auglýstar í haust.

Rektor greindi frá heimsókn fjögurra fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu þann 12. mars sl. en unnið er að endurnýjun samnings um kennslu og rannsóknir sem gildir fyrir árin 2012-2017. Unnið er að viðauka við samninginn sem inniheldur lykiltölur háskólans og gerir ráðuneytinu kleift að bera saman háskólana á tölulegum grunni. Stefnt er að því að undirrita samningana í vor.

Rektor hefur ákveðið að láta fara fram endurskoðun á reglum HA um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri nr. 1207/2007. Fyrst verða endurskoðaðar reglur um framgang og er stefnt að því að nýjar framgangsreglur

51  
KJA  
HEA  
SJS

fyrir HA taki gildi haustið 2012. Í nefndinni sitja auk rektors forsetar fræðasviðanna og Pétur Dam Leifsson dósent í lagadeild.

Lögð voru fram til kynningar drög að samgöngustefnu HA. Háskólaráð lýsti yfir ánægju sinni með drögin og sagði mikilvægt að áhersla yrði lögð á fræðslu til starfsfólks og nemenda um bættu samgönguhætti.

Rektor sagði frá umsóknum um stöðu forseta viðskipta- og raunvísindasviðs. Fimm umsóknir bárust um stöðuna og er stefnt að því að ganga frá ráðningu í apríl/maí. Umsækjendur eru: Bjarni Gautason, Hersir Sigurgeirsson, Magnús Örn Stefánsson, Oddur Vilhelmsson og Ögmundur Knútsson.

Rektori barst erindi frá menntamálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir því að hver og einn háskóli meti árangurinn af starfsemi samstarfsnetsins til þessa og mögulegan ávinning af frekara samstarfi skólanna. Rektor hefur svarað erindinu og lagði það fram til kynningar á fundinum.

## **2. Rekstraryfirlit janúar-febrúar 2012**

Ólafur og Úlfar dreifðu rekstraryfirliti fyrir janúar-febrúar, dagsett 19. mars 2012 og útskýrðu það. Ólafur skýrði út helstu frávík frá áætlaðri stöðu. Rekstur viðskipta- og raunvísindasviðs er meira frá áætlun en eðlilegt þykir og verið er að skoða af hverju þetta frávík stafar svo bregðast megi við því þegar í stað. Í heild er rekstur háskólans innan áætlunar fyrstu tvo mánuðina.

## **3. Fjöldatakmarkanir á heilbrigðisvísindasviði**

1203068

Lagt fram erindi frá forseta heilbrigðisvísindasviði dags. 7. mars 2012 þar sem óskað er eftir takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði við á vormisseri 2013. Í hjúkrunarfræði verður hámarksnemendafjöldi 50 og í iðjuþjálfunarfræði 25.

Háskólaráð samþykkti beiðni forseta heilbrigðisvísindasviðs.

## **4. Endurskoðaðar reglur um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs**

1203062

Lagðar fram endurskoðaðar reglur um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs. Háskólaráð lagði til að breyta orðalagi málsgreinar í 6. gr. sem hljóðar svo: „Til að auka gæði kennslu á hug- og félagsvísindasviði [...]“ og hún verði svohljóðandi: „Til að styrkja kennslu á hug- og félagsvísindasviði [...]“. Háskólaráð staðfesti reglurnar einróma.

Handwritten signature and initials:   
A stylized signature above the letters "K. L. L." and "HGA".

**5. Áreitniferlar**

1203059

Frestað til næsta fundar.

**6. Framgangur, Anna Ólafsdóttir**

1111010

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og kynnti dómnefndarálitið og niðurstöðuna. Niðurstaðan er að dómnefnd telur Önnu hæfa til að gegna stöðu dósentis við HA. Háskólaráð staðfesti álitinu.

**7. Reglur um rannsóknamissari við HA**

1112037

Rektor fór yfir þau atriði sem búið er að lagfæra í drögum að reglunum m.t.t. athugasemda frá FHA. Háskólaráð lagði til að breyta fyrstu málsgrein 3. gr. reglnanna og hafa hana svohljóðandi: „Rektor skipar þriggja manna nefnd til þriggja ára.“ Regludrögin voru rædd frekar en síðan samþykkt einróma.

Lögð fram ályktun félagsfundar FHA um rannsóknamissari frá félagsfundi 8. mars sl. þar sem félagið skorar á háskólaráð að haga fyrirkomulagi úthlutunar á rannsóknamissarum við HA með þeim hætti, að allir kennarar sem eru virkir í rannsóknum eigi raunhæfan möguleika á því að fá úthlutað rannsóknamissari.

Lögð fram ályktun félagsfundar FHA um afturköllun áður úthlutaðra rannsóknamissara frá félagsfundi 8. mars sl. þar sem félagið skorar á háskólaráð að veita fimm kennurum rannsóknamissari sem þeim hafði áður verið úthlutað árið 2008.

Lagt fram erindi dags. 15. mars sl. frá fimm kennurum sem áður höfðu fengið úthlutað rannsóknamissari árið 2008 þar sem mælt er til við háskólaráð að það standi við ákvörðun sína um úthlutun rannsóknamissara frá því í apríl 2008 og að þeir njóti þeirra rannsóknamissara haustið 2012 og vorið 2013.

Háskólaráð telur að komið hafi verið til móts við fyrri ályktun FHA með því að umsækjandi fær metin rannsóknastig allt að 10 ár aftur í tímann við veitingu rannsóknamissara.

SA  
K. Ólafsdóttir  
HEA  
SAS

Háskólaráð felur rektori að bregðast við síðari erindunum og afgreiða þau í anda 4. gr. reglna um rannsóknamisseri, þar sem hann óskar eftir að viðkomandi endurnýi umsókn sína hið fyrsta og sendi inn til afgreiðslu svo hægt sé að taka á málinu af sanngirni.

**8. Stefna HA 2012-2017**

1107008

Búið er að gera breytingar á drögum stefnunnar í samræmi við athugasemdir frá 313. fundi háskólaráðs. Þar er m.a. búið að skerpa á orðalagi í kaflanum um framtíðarsýn.

Stefnan var borin upp til samþykktar og samþykkt einróma. Stefnan fer nú í útgáfuferli.

**9. Önnur mál**

- 1101007 Skipun vísindaráðs er lokið.
- 1201022 Skipun umhverfisráðs er lokið.
- 1105021 Sigríður Vilhjálmsdóttir hefur verið skipuð í stjórn Végeirsstaðasjóðs.
- Rektor sagði frá viðræðum sem standa yfir vegna húsakaupa á Végeirsstöðum.
- Samþykkt að færa fund háskólaráðs föstudaginn 18. maí til fimmtudagsins 24. maí kl. 10.00. Sama dag er ársfundur háskólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.

Kristín Isáksdóttir  
Svanljónasæl.  
Haldis Erna Ásbjarnardóttir  
